



FJÖLMIÐLANEFND

22. janúar 2016
Ákvörðun nr. 1/2016

Efni: Kvörtun Lauru Thomason, f.h. The Good Thinking Society, vegna sýninga á þætti sjónvarpsklerksins Peter Popoff á sjónvarpsstöðinni The Gospel Channel UK fimmtudaginn 10. september 2015.

I. Kvörtun og málsatvik

1. Kvörtun

Fjölmiðlanefnd barst þann 14. október 2015 kvörtun frá Lauru Thomason, verkefnisstjóra samtakanna Good Thinking Society í Bretlandi. Kvartað var yfir meintu broti The Gospel Channel á reglum breska fjölmiðlaeftirlitsins Ofcom með sýningu sjónvarpsþáttar sjónvarpkerksins Peter Popoff á The Gospel Channel UK.

Kvörtuninni var upphaflega beint til Ofcom, sem upplýsti kvartanda um að fjölmiðlaveitan heyrði undir íslenska lögsögu. Var kvörtunin þá send innanríkisráðuneytinu sem áframsendi hana til fjölmiðlanefndar til þóknanlegrar meðferðar, með vísan til 2. mgr. 7. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Kvörtunin laut að því að í þætti Peter Popoff, sem sýndur var á The Gospel Channel UK (Sky Channel 587) fimmtudaginn 10. september 2015 kl. 19.30 að staðartíma hafi Popoff blekkst áhorfendur með ýmsum hætti. Popoff noti sjónvarpsþætti sína til að kynna sig og starfsemi sína en þættirnir séu sýndir á sjónvarpsstöðvum sem miðli trúarlegu efni. Í þættinum sem sýndur var 10. september sl. hafi hann „læknað“ fólk af alvarlegum heilsufarsvandamálum með „kraftaverkabergvatni“ (e. „miracle spring water“). Popoff hafi haldið því fram að hann væri nútímaspámaður Guðs og að „kraftaverkabergvatnið“ færði fólk fjárhagslega velgengni, svo sem „guðlega skuldaniðurfellingu“ og að vatnið hafi auk þess góð áhrif á heilsu fólks sem stríði



FJÖLMÍÐLANEFND

við alvarlega sjúkdóma. Tilgangurinn með þættinum hafi verið að kynna Popoff og hvetja áhorfendur til að panta kraftaverkabergvatnið og bók eftir Popoff. Birt hafi verið viðtal við einstakling sem kvaðst hafa læknað af krabbameini með því að drekka vatnið. Þá hafi því verið haldið fram að fólk hafi fengið í hendur peningagreiðslu frá Guði með því að neyta vatns Popoff og fylgja leiðbeiningum hans. Fyrir og eftir sýningu þáttarins hafi verið birt skilaboð á skjánum þar sem fram hafi komið að Popoff hafi greitt fyrir miðlun þáttarins en ekki hafi allir áhorfendur séð þau skilaboð. Taldi kvartandi að með miðlun þáttarins hafi verið brotið gegn mörgum reglum Ofcom, þar á meðal reglum um efnisinnihald trúarlegrar dagskrár, reglum um hlutlægni, reglum um aðgreiningu viðskiptaboða og ritstjórnarefnis og reglum um vernd barna gegn skaðlegu efni.

Í kvörtuninni sagði:

I am concerned that susceptible viewers are at risk of serious harm to their finances and also their health, if they believe the claims made in the programme and are thereby denied or delayed effective treatment.

The programme was misleading and irresponsible, depicted occult practices before the watershed, did not display due objectivity for claims that Popoff has special powers and did not ensure that editorial content is distinct from advertising. It appeared to be in breach of rules 1.27, 2.2, 2.3, 2.8, 4.1, 4.6, 4.7 and 9.2.¹

(Ísl. þýðing: Ég hef áhyggjur af því að trúgjarnir áhorfendur eigi á hættu að fjárhagur þeirra og heilsa bíði skaða af, trúi þeir þeim fullyrðingum sem fram komu í þættinum og verði þar af leiðandi af viðeigandi lækni meðferð eða fá hana seint.

Efni þáttarins var villandi og óábyrgt, sýndi dulþekilegar athafnir fyrir vatnaskil, gætti ekki að hlutlægni þegar fullyrt var að Popoff hefði sérstaka hæfileika og ekki að aðgreiningu viðskiptaboða frá dagskrárefni. Svo virtist sem brotið hafi verið gegn reglum 1.27, 2.2, 2.3, 2.8, 4.1, 4.6, 4.7 og 9.2.²)

Fram kom að kvörtuninni hafi þegar verið beint til The Gospel Channel en engin svör hafi borist við henni.

¹The Ofcom Broadcasting Code, July 2015. Sótt 13. nóvember 2015 af <http://stakeholders.ofcom.org.uk/binaries/broadcast/code-july-15/Ofcom_Broadcast_Code_July_2015.pdf>

² Sama heimild.



FJÖLMÍÐLANEFND

2. Málsvik

Efnisinnihald og tímasetning

Með bréfi dags. 21. október afhenti fjölmiðlaveitan Gospel Channel Evrópa ehf. (hér eftir Gospel Channel Evrópa) fjölmiðlanefnd afrit af áður nefndum sjónvarpsþætti, að beiðni nefndarinnar.

Þáttur Peter Popoff, Miracle Ministry, var sýndur á Gospel Channel UK fimmtudaginn 10. september 2015 kl. 19.30 að staðartíma eða fyrir vatnaskil skv. bæði reglum breska eftirlitsaðilans Ofcom og lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 en vatnaskil á virkum dögum eru kl. 21:00 í báðum ríkjum.³ Afrit af því myndskaiði sem The Gospel Channel Evrópa sendi fjölmiðlanefnd er 28 mínútur og 20 sekúndur að lengd.

Við upphaf þáttarins birtist eftirfarandi texti á skjánum í 4 sekúndur:

„The following inspirational message is paid for by the Peter Popoff Ministries.“

(Ísl. þýðing: „Eftirfarandi hvatningarskilaboð eru greidd af söfnuði Peter Popoff“).

Eftir stutt myndbrot frá samkomum á vegum Popoff í upphafi þáttar ávarpaði hann áhorfendur beint og varpaði fram ýmsum staðhæfingum um þær vörur og þjónustu sem hann býður upp á (á 00.01.21.00 mínútu.) Í ávarpi sínu sagðist hann hafa orðið vitni að því að fjöldi fólks um allan heim hefði fengið lækningu og brotist úr fátækt á yfirnáttúrulegan hátt. Margir þeirra hefðu fengið „kraftaverkpeninga“ (e. miracle money):

„I have seen so many people receive million dollar miracles, money, miracle money, put into the hands of God's children supernaturally.“

(Ísl. þýðing: „Ég hef séð svo margt fólk taka á móti milljón dollara kraftaverkum, peningum, kraftaverkpeningum, sem börn Guðs fá í hendur með yfirnáttúrulegum hætti“.)

Samkvæmt útskýringum Popoffs eru svokallaðir kraftaverkpeningar fjármunir sem fólk hefur ekki unnið fyrir, heldur fengið að gjöf frá Guði á dularfullan hátt.

„... and these people have used the Miracle Spring Water. They have witnessed the most amazing financial releases. They have witnessed transfers, supernatural miraculous debt cancellation. It's awesome. You're going to witness a lot of these testimonies.“

(Ísl. þýðing: ... og þessir einstaklingar hafa notað Kraftaverkabergvatnið. Þeir hafa orðið vitni að ótrúlegum, fjárhagslegum afléttingum. Þeir hafa upplifað millifærslur, yfirnáttúrulegar kraftaverka-skuldaniðurfellingar. Það er magnað. Þú munt heyra vitnisburði margra þeirra.“

³ Með „vatnaskilum“ er átt við skilgreinda tímasetningu í lögum sem segir til um það á hvaða tíma sólarhrings er heimilt að sýna myndefni sem ekki er við hæfi barna í sjónvarpi.



FJÖLMÍÐLANEFND

Í þættinum hélt Popoff því fram að Guð hafi gefið honum hið svokallaða „kraftaverkabergvatn“ og vilji hann afhenda það fólki um allan heim, án endurgjalds. Popoff ávarpaði áhorfandann beint, sagði „kraftaverkabergvatnið“ vera gjöf sína til hans og það eina sem áhorfandinn þyrfti að gera væri að hringja í símanúmer sem birt var neðst á skjánum. Popoff sást handleika vatn í plastumbúðum en umbúðirnar voru jafnframt sýndar á skjámynd, ásamt símanúmeri og hvatningu til áhorfenda um að hringja í númerið til að fá vatnið sér að kostnaðarlausu (00.02.52.00).

Því næst tók við myndskreið frá samkomu á vegum Popoff í Kanada 2015 þar sem hann sást „lækna“ fólk af ýmsum heilsufarskvillum, auk þess sem fólk lýsti því hvernig það hefði fengið háar peningafjárhæðir í sinn hlut, eignast hús, bíl og læknað af sjúkdómum og fíknunum eftir að hafa fengið sendingu af „kraftaverkabergvatni“ frá Popoff.

Sýnt var myndbrot af vitnisburði konu sem kvaðst hafa fengið þær fréttir að hún væri laus við krabbamein, daginn eftir að henni hafi borist bréf frá Popoff. Á skjánum birtust skilaboðin „CANCER FREE“ til áhersluauka (00.09.12.00). Fjöldi fólks sagðist hafa fengið peningaupphæðir greiddar inn á bankareikninga sína og voru upphæðirnar jafnframt birtar á skjánum (t.d. 00.09.18.14).

Þá birtust eftirfarandi setningar á skjánum, um leið og sýnd voru myndbrot af vitnisburði gesta á samkomunni:

- *After Using the Miracle Spring Water Her Diabetes is gone* (00.16.11.00)
- *She Put The Miracle Spring Water In Her Husbands Tea - Cancer Is Gone* (00.16.28.00)
- *Colon Cancer healed!* (00.16.40.00)
- *Debt Free - \$2500 Miracle Money!* (00.16.43.00)
- *Smoking Habit Destroyed!* (00.16.53.00)

(Ísl. þýðing: *Sykursýkin hvarf eftir að hún notaði kraftaverkabergvatnið. Hún setti kraftaverkabergvatnið í te eiginmanns síns – krabbameinið er horfið. Læknaðist af ristilkrabbameini! Skuldlaus - 2500 dollara kraftaverkapingar! Hætti að reykja („reykingaávani upprættur“.)*

Neðst á skjánum allan tímann var borði með símanúmeri og textanum „Call now for your FREE Miracle Spring Water“, ásamt upplýsingum um vefsetur Popoff.

Eftir vitnisburði gesta var sýnt myndbrot af ungu pari að flytja inn í nýtt húsnaði (á 00.17.26.00 mínútu), auk fleiri sambærilegra myndbrota sem ætlað var að gefa til kynna þá velgengni sem biði þeirra áhorfenda sem yrðu sér úti um „kraftaverkabergvatn“. Til áhersluauka birtust orðin VICTORY, HEALTH, SUCCESS hvert á eftir öðru á skjánum á mínútu 00.17.37.00.



FJÖLMIÐLANEFND

Þulur talaði sérstaklega til áhorfenda sem ættu í fjárhagserfiðleikum, hvatti þá til að leggja ekki árar í bát, heldur hringja í símanúmerið á skjánum og fá í staðinn persónulegt bréf frá nútímaspámanni Guðs, þ.e. Popoff.

Þá greindi þulur frá því að auk bréfsins og „kraftaverkabergvatnsins“ fengi fólk bók Popoffs *God's Ancient Secret. The shocking Truth about Prosperity*, senda sér að kostnaðarlausu. (00.09.21.00) ef það hringdi í símanúmerið á skjánum.

II. Málsmeðferð og sjónarmið málsaðila

1.

Sjónvarpsstöðin The Gospel Channel UK heyrir undir íslenska lögsögu og er rekin af fjölmiðlaveitunni The Gospel Channel Evrópa ehf. Eigandi og fyrirvarsmaður félagsins er Eiríkur Sigurbjörnsson, sem einnig á og rekur sjónvarpsstöðina Omega. Fyrir liggur að útsendingar á vegum The Gospel Channel Evrópu til annars vegar Bretlands og hins vegar Norðurlandanna hafa ekki að geyma sömu dagskrá og útsendingar Omega hér á landi og að þáttur Peter Popoff er ekki sýndur í línulegri dagskrá hér á landi. Efni The Gospel Channel UK er hins vegar streymt beint á vefnum www.gospel.tv ásamt efni þriggja annarra sjónvarpsstöðva á vegum félagsins.

Þann 19. október sl. óskaði fjölmiðlanefnd eftir afriti af áðurnefndum sjónvarpsþætti Peter Popoff með erindi til Gospel Channel Evrópu. Minnislykill með afriti af þættinum og svar fyrirvarsmanns félagsins, Eiríks Sigurbjörnssonar, barst nefndinni með bréfi dags. 21. október.

Í svarinu kom fram að ekkert í þættinum hafi verið til sölu, allt sem á boðstólum var hafi verið ókeypis. Vatnið sem boðið var í þættinum hafi verið vígt vatn, eins og notað sé í kirkjum landsins þegar börn séu skírð og blessuð. Þá hafi bókinn verið ókeypis gjöf til þeirra sem hafi óskað eftir henni sjálfir.

Einnig benti fyrirvarsmaður félagsins á að þættir Peter Popoff hafi verið sýndir á stöðinni í meira en níu ár. Þeir séu vinsælt dagskrárefni og enginn hafi nokkurn tíma kvartað yfir því að hafa farið illa út úr samskiptum við Popoff. Þá sagði í bréfi fyrirvarsmanns:

„Það sem kemur fram í þáttunum stangast ekki á við okkar biblíulegu trú og skilning á því hvernig hlutirnir eru.“

Fyrir fimm árum síðan komu hópkvartanir, einhvers konar áróður frá hópi vantrúaðra sem sendu fyrirfram skrifuð bréf frá einstaklingi sem virðist helst hafa þá iðju að gera athugasemdir við kristilegt sjónvarpsefni og var það tekið fyrir hjá Útvarpsréttarnefnd án frekari eftirmála.



FJÖLMIÐLANEFND

Sá einstaklingur sem leggur fram þessa kvörtun núna starfar við það að rannsaka starfsemi á ýmsum vettvangi og hvetur aðra til þess að leggja fram frjáls peningaframlög til þeirrar iðju.“

2.

Eftir að hafa fengið myndefnið í hendur ákvað fjölmiðlanefnd að óska eftir frekari upplýsingum frá fjölmiðlaveitunni Gospel Channel Evrópa þess efnis hvort greiðsla eða annað endurgjald hafi komið fyrir miðlun sjónvarpsþáttar Peter Popoff. Var það gert með erindi fjölmiðlanefndar dags. 18. nóvember sl. Sér í lagi var óskað var eftir upplýsingum um það til hvaða aðila sú greiðsla hafi runnið.

Svar fyrirvarsmanns félagsins barst nefndinni 19. nóvember sl. Þar kom fram að umboðsskrifstofan The Linear Agency kaupi útsendingartíma af Gospel Channel Evrópu ehf. vegna þátta Peter Popoff. Viðtakandi greiðslu sé Gospel Channel Evrópa ehf., kt. 650800-2220.

3.

Fjölmiðlanefnd sendi Gospel Channel Evrópu frummat nefndarinnar með bréfi dags. 14. desember þar sem farið var yfir helstu málsatvik og lagasjónarmið sem máli skipta við mat á því hvort Gospel Channel Evrópa hafi brotið gegn ákvæðum laga um fjölmiðla nr. 38/2011 er varða hlutlægni, vernd barna og aðgreiningu viðskiptaboða og ritstjórnarefnis.

Með bréfinu vildi fjölmiðlanefnd ennfremur veita félaginu færi á því að koma á framfæri frekari sjónarmiðum í málinu. Bent var á að niðurstaðan, sem fól í sér að um brot á 2. mgr. 41. gr. laga um fjölmiðla væri að ræða, fæli einungis í sér frummat fjölmiðlanefndar en ekki endanlega afstöðu hennar til þess hvort Gospel Channel Evrópa hafi brotið gegn ákvæðum laga um fjölmiðla. Tekið var fram að þær ályktanir sem settar voru fram í bréfinu kynnu að breytast gæfu athugasemdir og skýringar fjölmiðlaveitunnar tilefni til þess. Var þess óskað að sjónarmið og upplýsingar Gospel Channel Evrópu bærust nefndinni fyrir 23. desember 2015. Með tölvupósti lögmanns á vegum fjölmiðlaveitunnar 18. desember 2015 var óskað eftir fresti til andsvara fram í janúar og var frestur veittur til 15. janúar 2016.



FJÖLMÍÐLANEFND

4.

Svar Gospel Channel Evrópu barst fjölmiðlanefnd 14. janúar sl. Þar sagði fyrirvarsmaður félagsins það koma mjög á óvart að þáttur Popoff væri skilgreindur sem 28 mínútna auglýsing, þar sem ekkert væri til sölu, heldur væri um að ræða trúarlega dagskrá sem ætlað væri að efla trú fólks á spámannlegan boðskap. Vatnið væri trúarhvati sem sé í samræmi við hluti sem lesa megi um í Biblíunni. Þá sagði í bréfinu að í þættinum vitnaði fjöldi fólks um undur og mátt Guðs sem það hafi upplifað vegna þjónustu Popoff. Vatnið lækni engan heldur hlýðni við spámannlegt orð, sem Popoff undirstriki aftur og aftur að sé biblíulegt.

Í bréfi Gospel Channel Evrópu var jafnframt vísað til þess að sambærilegt mál hafi verið tekið fyrir af þáverandi útvarpsréttarnefnd árið 2011 en í því máli hafi nefndin ekki haldið því fram að þátturinn væri 28 mínútna auglýsing. Málinu hafi því lokið án eftirmála.

Loks sagði í bréfi Gospel Channel Evrópu að þótt félagið væri ekki sammála túlkun fjölmiðlanefndar á ákvæðum laganna óski það eftir leiðbeiningum um hvernig hægt sé að breyta uppbyggingu þáttanna, þannig að núverandi efni þeirra uppfylli túlkun nefndarinnar.

III. Niðurstaða

1. Forsaga máls

Þættir Peter Popoff eru sýndir daglega frá kl. 19.30-20.30 að staðartíma á The Gospel Channel UK samkvæmt dagskráruppýsingum sem birtar er á vefnum www.gospel.tv. Varan sem kynnt var í þætti Peter Popoff 10. september sl., þ.e. hið svokallaða „kraftaverkabergvatn“, er hin sama eða svipuð og var til umfjöllunar í ákvörðunum breska auglýsingaeftirlitsins ASA (Advertising Standards Committee) 2008 og breska fjölmiðleftirlitsins, Ofcom 2008. Þáttur Popoff var áður sýndur á trúarlegu sjónvarpsstöðinni Passion TV í Bretlandi, í breskri lögsögu, og bárust breska auglýsingaeftirlitinu ASA (Advertising Standards Committee) og breska fjölmiðleftirlitinu, Ofcom, fjölmargar kvartanir vegna þessa. Í þáttunum var því haldið fram áhorfendur myndu lækna og fjárhagur þeirra vænkast ef þeir yrðu sér úti um vatnið eða sérstaka sápu sem þá var einnig á boðstólum. Kvartanirnar leiddu til ákvörðunar ASA árið 2007, þar sem þátturinn var talinn brot á reglum um auglýsingar. Þá komst Ofcom að þeirri niðurstöðu, með ákvörðun 2008, að efni þáttarins bryti gegn þeirri reglu að ekki megi misnota trúgirnir áhorfenda í trúarlegu dagskrárefni, auk þess sem sýning þáttarins var talin brot á banni



FJÖLMIÐLANEFND

við duldu auglýsingum í dagskrárefni.⁴ Eftir að Ofcom birti ákvörðun sína var hætt að sýna þætti Popoffs á sjónvarpsstöðvum í breskri lögsögu.

Árið 2010 voru þættir Popoff sýndir á The Gospel Channel UK sem þá, líkt og nú var á vegum Eiríks Sigurbjörnssonar, eiganda trúarlegu sjónvarpsstöðvarinnar Omega á Íslandi. Það ár bárust ítrekað kvartanir frá Bretlandi til útvarpsréttarnefndar, forvera fjölmiðlanefndar, vegna þáttanna. Þetta kemur fram í fundargerð útvarpsréttarnefndar frá 6. desember 2010 en þar segir jafnframt að kvartanir hafi borist bæði til útvarpsréttarnefndar jafnt sem menntamálaráðuneytis. Í fundargerðinni segir að rætt hafi verið hvort unnt væri að gera samkomulag þess efnis við Omega að gerðar yrðu viðeigandi breytingar á dagskrá The Gospel Channel og óskaði formaður eftir fresti til að taka afstöðu til þess málefnis. Á fundi nefndarinnar 21. janúar 2011 var ákveðið að gefa út leyfi til handa Omega vegna sjónvarpsstöðvanna Gospel Channel UK og Gospel Channel Scandinavia. Taldi nefndin ekki forsendur til að synja umsókn Omega og sagði í fundargerð: „Í þessu tilliti breytir engu þótt nefndinni hafi borist nokkur fjöldi athugasemda við útsendingar á þætti Peter Popoff.“ Á hinn bóginn fól nefndin formanni af þessu tilefni að koma á framfæri ábendingum um hugsanlegar lagabreytingar á framfæri við menntamálaráðuneytið og menntamálanefnd Alþingis. Ástæðan var m.a. sú að efni þáttanna var fremur talið heyra undir lög nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu en þágildandi útvarpslög. Gildissvið laga nr. 57/2005 var þá hins vegar með þeim hætti að lögin tóku aðeins til samninga, skilmála og athafna sem höfðu eða ætlað var að hafa áhrif hér á landi. Því var breytt með setningu laga um fjölmiðla en þá voru gerðar samhliða breytingar á gildissviði laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu með þeim hætti að við lögin bættist 2.mgr. 2. gr. um gildissvið, sbr. 65. gr. laga um fjölmiðla.

[Auk þess taka lög þessi til samninga, skilmála og athafna aðila sem hefur staðfestu á Íslandi og ætlað er að hafa áhrif í aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu og um er að ræða ætlað brot gegn ákvæðum III.–V. kafla.]¹⁾

Árið 2014 sótti Gospel Channel Evrópa ehf. um endurnýjun myndmiðlunarleyfis til fimm ára hjá fjölmiðlanefnd og voru fjölmiðlarnir The Gospel Channel UK og The Gospel Channel Scandinavia skráðir hjá nefndinni 21. mars 2014. Á vef fjölmiðlanefndar kemur fram að þar sem fjölmiðlaveitan hafi þá yfirlýstu stefnu að beita sér fyrir tilteknum málstað sé henni óskýlt að miðla efni sem gengur í berhög við stefnu miðilsins. Sé þetta í samræmi við ákvæði 2. mgr. 26. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011.

⁴ Ofcom: Ofcom Broadcast Bulletin, issue nr. 113 (7. júlí 2008) bls. 13. Sótt 13. nóvember 2015 af <<http://stakeholders.ofcom.org.uk/binaries/enforcement/broadcast-bulletins/obb113/Issue113.pdf>>



FJÖLMÍÐLANEFND

2. Valdheimildir og lögsaga fjölmiðlanefndar

Fjölmiðlanefnd hefur eftirlit með lögum um fjölmiðla nr. 38/2011, ásamt þeim hlutverkum sem henni eru falin í öðrum lögum. Kvörtun Lauru Thomason byggir á því að miðlun sjónvarpsþáttar Peter Popoff hafi brotið gegn reglum Ofcom (*The Ofcom Broadcasting Code*) um vernd barna gegn skaðlegu efni, reglum um efnisinnihald trúarlegrar dagskrár, reglum um aðgreiningu viðskiptaboða og ritstjórnarefnis, banni við villandi upplýsingum í fréttæfni/ öðru dagskrárefni þar sem staðreyndir eru settar fram sem sannar væru og banni við að miðla efni sem getur móðgað og ögrað og er ekki hægt að réttlæta með tilliti til samhengis.⁵ Þar sem The Gospel Channel UK er miðlað af fjölmiðlaveitu í íslenskri lögsögu gilda reglur Ofcom ekki um það efni sem miðlað er á sjónvarpstöðinni.

Eins og fram hefur komið upplýsti Ofcom kvartanda um að fjölmiðlaveitan heyrði undir íslenska lögsögu og löggjöf. Var kvörtunin þá send innanríkisráðuneytinu sem áframsendi hana til fjölmiðlanefndar til þóknanlegrar meðferðar, með vísan til 2. mgr. 7. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, en þar segir að berist stjórnvaldi skriflegt erindi, sem ekki snertir starfssvið þess, beri því að framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem unnt er. Því lítur fjölmiðlanefnd svo á að um sé að ræða formlega kvörtun til nefndarinnar.

3. Lög um fjölmiðla nr. 38/2011

3.1 Gildissvið og lögsaga

Í 1. másl. 3. gr. laga um fjölmiðla kemur fram að lögin gilda um alla fjölmiðla og fjölmiðlaveitur með staðfestu hér á landi sem miðla efni handa almenningi hér á landi, að teknu tilliti til ákvæðis 4. gr. Í 4. gr. laga um fjölmiðla segir að íslenska ríkið hafi lögsögu yfir þeim fjölmiðlaveitum sem miðla myndefni og hafa staðfestu á Íslandi. Aðilar teljast m.a. hafa staðfestu hér á landi þegar þeir hafa aðalskrifstofu sína á Íslandi og ákvarðanir um dagskrárefni og aðra þætti sem lúta að ritstjórn eru teknar hér á landi, sbr. a-lið 1. mgr. 4. gr. Aðalskrifstofa The Gospel Channel ehf. er hér á landi og ákvarðanir um dagskrárefni eru teknar hér á landi. The Gospel Channel telst því hafa staðfestu á Íslandi. Þar sem útsendingar sjónvarpsstöðvanna krefjast ekki tíðniheimilda frá Póst- og fjarskiptastofnun eru fjölmiðlarnir einungis skráningarskyldir en ekki leyfisskyldir hér á landi. Fjölmiðlarnir The Gospel Channel UK og The Gospel Channel Scandinavia voru skráðir hjá fjölmiðlanefnd 21. mars 2014 og eru í íslenskri lögsögu.

⁵ Sjá tilteknar reglur Ofcom í fylgiskjali.



FJÖLMIÐLANEFND

3.2 Ákvæði laga um fjölmiðla sem máli skipta

28. gr. / Vernd barna gegn skaðlegu efni

Í lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 er ákvæði um vernd barna gegn skaðlegu efni að finna í 28. gr. Ákvæðið byggir á 27. gr. í hljóð- og myndmiðlunartilskipun 2010/13/ESB. Með hugtakinu skaðlegt efni í lögum um fjölmiðla er einkum og sér í lagi átt við efni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi. Útsendingar frá trúarlegum samkomum, þar sem meint kraftaverk eða lækningar eiga sér stað, hafa ekki verið skilgreindar sem efni skaðlegt börnum hér á landi, sbr. greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla, sbr. einnig leiðbeiningar fjölmiðlanefndar um vernd barna gegn skaðlegu efni.⁶ Ekki verður því séð að ákvæði 28. gr. laga um fjölmiðla eigi við um það dagskrárefni sem hér um ræðir.

26. gr. / Hlutlægni

Ákvæði 2.2 í reglum Ofcom felur í sér „sannleikskröfu”, þ.e. bann við því að gefa almenningi efnislega rangar upplýsingar í fréttafni/öðru dagskrárefni þar sem staðreyndir eru settar fram sem sannar væru (*e. factual programmes*.) Hér á landi kemur sannleiks- og hlutlægnikrafan fram í 26. gr. laga um fjölmiðla, þar sem segir að fjölmiðlaveita skuli gæta þess að uppfylla kröfur um hlutlægni og nákvæmni í fréttum og frétttaflutningi og gæta þess að mismunandi sjónarmið komi fram, jafnt karla sem kvenna. Í greinargerð með lögum um fjölmiðla segir að krafan um hlutlægni feli m.a. í sér að staðhæfingar sem settar séu fram skuli vera réttar og að allar nauðsynlegar upplýsingar komi fram. Sannleiks- og hlutlægnikrafan í ákvæði 26. gr. laga um fjölmiðla er hins vegar bundin við fréttir og fréttatengt efni og á því ekki við um þátt Peter Popoff. Þar að auki kemur fram í 2. mgr. 26. gr. laga um fjölmiðla að fjölmiðlaveitu, sem hafi þá yfirlýstu stefnu að beita sér fyrir tilteknum málstað, sé óskýlt að miðla efni sem gengur í berhögg við stefnu miðilsins. Í skýringum við 2. mgr. í frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla er dagskrá útvarps- og sjónvarpsstöðvar trúfélaga nefnd í dæmaskyni.

1. og 2. mgr. 37. gr. / Regla um aðgreiningu viðskiptaboða og dagskrárefnis og bann við dulduðum viðskiptaboðum

Skv. 1. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla skulu viðskiptaboð vera auðþekkjanleg sem slík og skýrt aðgreind frá öðru efni með þeim hætti sem best hentar því formi miðlunar sem notað er hverju sinni. Þá segir í 2. mgr. 37. gr. að dulin viðskiptaboð séu óheimil. Ákvæði 1. og 2. mgr. eru efnislega samhljóða a-lið 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 2010/13/ESB.

Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla segir um 37. gr. að gera verði þá fortakslausu kröfu til fjölmiðla að þeir tryggi að neytendum sé ljóst hvenær um viðskiptaboð er að ræða, eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. 37. gr.

⁶Fjölmiðlanefnd: Leiðbeiningar fyrir fjölmiðla um vernd barna gegn skaðlegu efni. Júní 2015. Sótt 18. nóvember 2015 af <<http://fjolmidlanefnd.is/wp-content/uploads/2015/06/Lei%C3%B0beinandi-reglur-um-28.-gr.-13.-j%C3%BAI%C3%AD-2015.pdf>>



FJÖLMÍÐLANEFND

c-liður 3. mgr. 37. gr. / Bann við að hvetja til hegðunar sem er hættuleg heilbrigði eða öryggi

Í 3. mgr. 37. gr. er að finna reglur sem takmarka efni og innihald viðskiptaboða og fjarkaup. Í c-lið 3. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla kemur fram að viðskiptaboð og fjarkaup skuli ekki hvetja til hegðunar sem er hættuleg heilbrigði eða öryggi. Ákvæðið byggir á c-lið 1. mgr. 9. gr. iii í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Í skýringum við 3. mgr. í frumvarpi til laga um fjölmiðla segir að greinin sé í samræmi við það markmið frumvarpsins að vernda almenna hagsmuni fjölmiðlanotenda, einkum og sér í lagi barna og ungmenna, sem og mannréttindi í víðtækum skilningi, þó þannig að ekki sé gengið óhóflega á tjáningarfrelsi og frelsi til eðlilegrar markaðsfærslu á vörum og þjónustu.

3.3 Hugtakið viðskiptaboð

Skilyrði þess að ákvæði 37. gr. laga um fjölmiðla taki til þáttar Peter Popoff er að dagskrárefnið falli undir skilgreiningu laga um fjölmiðla um viðskiptaboð.

Skilgreiningu á hugtakinu viðskiptaboð er að finna í 40. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla en þar segir að viðskiptaboð séu texti, myndir og/eða hljóð sem sé ætlað að vekja, beint eða óbeint, athygli á vörum, þjónustu eða ímynd lögaðila eða einstaklings sem stundar atvinnustarfsemi og er miðlað gegn greiðslu eða endurgjaldi eða til kynningar í eigin þágu. Til viðskiptaboða teljist m.a. auglýsingar, kostun og vöruinnsetning. Hugtakið dulin viðskiptaboð er jafnframt skilgreint í 6. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla og í greinargerð segir að ef upp komi vafi um það hvort um dulin viðskiptaboð sé að ræða skuli m.a. horft til þess hvort greiðsla eða annað endurgjald komi fyrir. Slíkt myndi styðja það að um dulin viðskiptaboð væri að ræða.

Við mat á því hvort þáttur Peter Popoff teljist til viðskiptaboða þurfa því eftirfarandi skilyrði að vera uppfyllt:

1. Um er að ræða texta, myndir eða hljóð.
2. Efninu er ætlað að vekja, beint eða óbeint, athygli á vöru, þjónustu eða ímynd lögaðila eða einstaklings eða ætlað til kynningar í eigin þágu.
3. Sá einstaklingur eða lögaðili, sbr. b-lið, stundar atvinnustarfsemi.
4. Efninu er miðlað gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi.

Fyrstu tvö skilyrðin teljast ótvírætt uppfyllt, þar sem um er að ræða texta, myndir og hljóð, auk þess sem dagskrárefninu er ætlað að vekja athygli á vörum, þjónustu og ímynd Peter Popoff.

Hugtakið atvinnustarfsemi er ekki skilgreint nánar í lögum um fjölmiðla. Samkvæmt skilgreiningum fræðimanna má ráða að við skilgreiningu á hugtakinu atvinnurekstur þurfi m.a. að kanna mörk milli atvinnurekstrar í hagnaðarskygni annars vegar og hins vegar tómstunda- eða



FJÖLMÍÐLANEFND

hugsjónastarfsemi, sem ekki er stunduð í þeim tilgangi að hagnast um fé. Sú skilgreining sem notast er við í skattfrankvæmd er að atvinnurekstur megi almennt skilgreina sem sjálfstæða starfsemi, sem stunduð sé með reglubundnum hætti og í nokkru umfangi í ekki mjög skamman tíma í þeim efnahagslega tilgangi að hagnast um fé.⁷ Skilyrðinu um sjálfstæða starfsemi telst almennt fullnægt ef starfsemi er innt af hendi af lögaðila. Hvað umfang varðar er í lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988 tekið fram að þeir sem selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir hærri upphæð en 1.000.000 kr. á ári séu skráningarskyldir og hafi þar með atvinnurekstur undir höndum.

Í samkeppnislögum nr. 44/2005 er að finna skilgreiningu á hugtakinu atvinnurekstur en þar segir að atvinnurekstur sé hvers konar atvinnustarfsemi, óháð formi eignarhalds og án tillits til þeirrar vöru, þjónustu eða réttinda sem verslað eða sýslað er með gegn endurgjaldi. Af frankvæmd samkeppnislaga má ráða að hugtakið atvinnustarfsemi er skilgreint rúmt. Ekki er skilyrði að starfsemin sé rekin í ákveðnu félagiformi, heldur geta einstaklingar og almenn félög talist stunda atvinnustarfsemi. Þá er heldur ekki skilyrði að starfsemin sé rekin í hagnaðarskyni.

Samkvæmt upplýsingum frá bresku fyrirtækjaskránni (*Companies House*) eru nokkur félög með takmarkaða ábyrgð skráð á vegum Peter Popoff og sonar hans Nickolas Popoff.⁸ Þar á meðal eru félögin Word for the World Ministries UK Ltd (stjórnendur Peter Popoff, Nickolas Popoff og Raymond Terence Cradock) og Popoff Mailing And Fulfillment Limited (stjórnandi Raymond Terence Cradock). Félagið Word for the World Ministires UK Ltd er virkt, skilaði síðast ársreikningi fyrir reikningstímabil sem lauk 31. október 2014 og var rekið með um 7,5 milljón kr. hagnaði það reikningstímabil. Í skýrslunni segir „*turnover represents amounts received from public contributions*“ (isl. þýðing: velta byggist á fjárframlögum frá almenningi). Engar upplýsingar um veltu Popoff Mailing And Fulfillment Limited eru aðgengilegar á vef Companies House en félagið er virkt og skilaði síðast ársreikningi fyrir reikningstímabil sem lauk 31. október 2015.

Popoff hefur því töluverðar tekjur af starfsemi sinni sem renna, a.m.k. að hluta, inn í ofangreint félag eða félög á hans vegum. Samkvæmt upplýsingum í ársreikningi Word for the World Ministries UK byggjast tekjurnar á frjálsum fjárframlögum almennings. Í þætti Popoff 10. september sl. kom fram að hið vígða vatn og bók Popoffs væri áhorfendum að kostnaðarlausu. Af myndböndum „viðskiptavina“ Popoff sem finna má víða á Netinu, m.a. á Youtube, má ráða að svari áhorfendur Popoffs ákalli hans og panti sér kraftaverkabergvatn fái þeir í kjölfarið fjölda póstsendinga með bréfum og smáhlutum frá Popoff þar sem farið sé fram á fjárframlög. Bréfin séu sett upp með persónulegum hætti og látið að því liggja að lækning eða skuldaniðurfelling geti einungis fengist með því að senda Popoff tiltekna fjárhæðir. Þeir sem verða við beiðni hans um peninga fái í kjölfarið fleiri bréf þar sem sífellt sé óskað eftir hærri

⁷ Ásmundur G. Vilhjálmsson. (2003) 24. *Skattur á fyrirtæki*. Reykjavík: Skattvís slf.

⁸ Vefur bresku fyrirtækjaskránnar Companies House: <https://www.gov.uk/government/organisations/companies-house/about/about-our-services>



FJÖLMIÐLANEFND

fjárhæðum. Í umfjöllun The Good Thinking Society á vef samtakanna kemur jafnframt fram að á samkomum Popoff séu gestum afhent umslög, sem ætluð séu til frjálstra fjárframlaga, og myndist gjarnan langar biðraðir þar sem fólk stilli sér upp til að afhenda umslögin.

Af framangreindu má ráða að Peter Popoff hefur stofnað félag um starfsemi sína og er hún því innt af hendi af lögaðila. Þá þiggur hann endurgjald fyrir starfseminu í formi fjárframlaga sem send eru frá áhorfendum og reidd eru af hendi gesta á trúarlegum samkomum. Tekjurnar renna inn í skráð félag með takmarkaða ábyrgð, sem stýrt er af Popoff sjálfum og/eða fólki á hans vegum. Þótt ekki sé skilyrði að starfsemin skili hagnaði til að hagnaðartilgangur geti talist vera fyrir hendi var hagnaður af starfsemi Word for the World Ministries UK Ltd um 7,5 milljónir kr. á reikningstímabili því er lauk 31. október 2014. Tölur um afkomu annarra félaga á vegum Popoff eru ekki aðgengilegar nefndinni. Þættir Popoffs eru sýndir daglega á sjónvarpsstöðinni The Gospel Channel UK og er þeim því miðlað með reglubundnum hætti. Í ljósi framangreinds er það mat fjölmiðlanefndar að starfsemi Popoffs teljist til atvinnustarfsemi í skilningi laga um fjölmiðla og teljist skilyrði þrjú því uppfyllt.

Við upphaf og lok þáttar Popoff kemur fram að greitt hafi verið fyrir miðlun þáttarins, sbr. 4-5 sekúndna skjáskilti sem birtist fyrir og eftir þáttinn, með eftirfarandi texta.

*„The following inspirational message is paid for by the Peter Popoff Ministries.“
(„eftirfarandi hvatningarskilaboð eru greidd af söfnuði Peter Popoff“).*

Fjölmiðlanefnd óskaði þann 18. nóvember sl. eftir skýringum frá fjölmiðlaveitunni Gospel Channel Evrópa ehf. á þessu. Sér í lagi var óskað var eftir upplýsingum um það til hvaða aðila umrædd greiðsla hafi runnið. Með tölvupósti fyrirsvaramanns Omega dags. 19. nóvember sl. var upplýst að umboðsskrifstofan The Linear Agency kaupir útsendingartíma af Gospel Channel Evrópu ehf. vegna þátta Peter Popoff. Viðtakandi greiðslu sé Gospel Channel Evrópa ehf., kt. 650800-2220. Því er uppfyllt skilyrði laga um fjölmiðla um að greiðsla eða annað endurgjald verði að koma fyrir miðlun þáttarins til að hann geti talist til viðskiptaboða. Telst skilyrði fjögur því einnig uppfyllt.

Þáttur Petar Popoff telst þar með falla undir hugtakið viðskiptaboð samkvæmt 40. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla. Um efni hans gilda því reglur VI. kafla laganna um viðskiptaboð og fjarkaup.

4.

Samkvæmt afriti því sem The Gospel Channel Evrópa afhenti fjölmiðlanefnd var þáttur Peter Popoff, Miracle Ministry, sem sýndur var á The Gospel Channel UK fimmtudaginn 10. september sl., 28 mínútur og 20 sekúndur að lengd. Á skjáskilti sem birt var fyrir og eftir sýningu þáttarins kom fram að greitt var fyrir miðlun hans. Allur þátturinn telst þar með til



FJÖLMIÐLANEFND

viðskiptaboða en ekki eingöngu þær skjáauglýsingar sem birtust með reglubundnu millibili í þættinum

Í 27. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla segir að kostun sé hljóð- og myndsending í viðskiptaskyni sem tekur til hvers konar framlaga opinbers fyrirtækis, einkafyrirtækis eða einstaklings til fjármögnunar einstakra dagskrárliða með það fyrir augum að vekja athygli á viðkomandi vörumerki, ímynd, starfsemi eða vörum, enda fáist viðkomandi hvorki við hljóð- né myndmiðlun né framleiðslu hljóð- eða myndverka. Skilyrði þess að kostun sé heimil, skv. 42. gr. laga um fjölmiðla, er að kostandi hafi ekki áhrif á innihald, efnistöð eða tímasetningu kostaðs efnis og raski ekki ábyrgð og ritstjórnarlegu sjálfstæði fjölmiðlaveitunnar. Ljóst er að framangreind skilyrði eru ekki uppfyllt í þessu tilfelli, þar sem þátturinn er framleiddur af Popoff og/eða aðila á hans vegum og fjallar einvörðungu um hann, vörur hans og meint kraftaverk. Þátturinn uppfyllir því ekki skilyrði 42. gr. laga um fjölmiðla um kostað efni, heldur telst hann til auglýsingar en hugtakið auglýsing er skilgreint svo í 2. tölul. 2. mgr. 1. gr. laganna: Auglýsing er viðskiptaboð sem í felst hvers konar tilkynning sem er miðlað gegn endurgjaldi eða í þágu fjölmiðlaveitu og felur í sér kynningu á ímynd, vöru eða þjónustu.

Skv. 1. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla skulu viðskiptaboð vera auðþekkjanleg sem slík og skýrt aðgreind frá öðru efni með þeim hætti sem best hentar því formi miðlunar sem notað er hverju sinni. Þá segir í 2. mgr. 37. gr. að dulin viðskiptaboð séu óheimil. Auglýsingaþáttur Peter Popoff var merktur til aðgreiningar frá öðru ritstjórnarefni en merkingar birtust eingöngu við upphaf og lok hans og teljast því vart fullnægjandi í ljós lengdar hans. Þar sem merkingar voru engu að síður fyrir hendi verður miðlun þáttarins þó trauðla talin brot á 1. og 2. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla.

Í 2. mgr. 41. gr. laga um fjölmiðla segir að hlutfall auglýsinga og fjarkaupainnskota innan hvernar klukkustundar megi ekki fara yfir 20%. Lengd auglýsinga og fjarkaupainnskota innan hvernar klukkustundar má þannig ekki vera lengri en 12 mínútur. Samkvæmt afriti því sem fjölmiðlaveitan afhenti fjölmiðlanefnd var þátturinn 28 mínútur og 20 sekúndur að lengd. Því er ljóst að miðlun hans fer í bága við ákvæði 2. mgr. 41. gr. um tíma fyrir auglýsingar og fjarkaupainnskot í hljóð- og myndefni.

Þá segir í c-lið 3. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla að viðskiptaboð og fjarkaup skuli ekki hvetja til hegðunar sem er hættuleg heilbrigði eða öryggi. Í þætti Popoffs 10. september sl. var látið að því liggja að áhorfendur geti læknast af krabbameini og fleiri sjúkdómum með því einu að setja sig í samband við Popoff og fá „kraftaverkabergvatnið“ í hendur. Þótt fjölmiðlanefnd telji hugsanlegt að trúgjarnir áhorfendur gætu tekið afdrifaríkar ákvarðanir um að draga úr eða hætta við lyfjagjöf og læknismeðferðir, sökum þeirra órökstuddu og ósönnuðu fullyrðinga sem fram komu í þættinum, er það mat nefndarinnar að þessar fullyrðingar geti þó ekki talist fela í sér beina hvarningu til hegðunar sem er hættuleg heilbrigði eða öryggi, í skilningi c-liðar 3. mgr. 37. gr. Áhorfendur séu einungis hvattir til þess að verða sér úti um hið svokallaða kraftaverkabergvatn en ekki til að draga úr lyfjagjöf eða láta af læknismeðferðum.



FJÖLMÍÐLANEFND

Á grundvelli alls framangreinds er það mat fjölmiðlanefndar að þáttur Peter Popoff sem sýndur var á The Gospel Channel UK fimmtudaginn 10. september sl. teljist til viðskiptaboða og að með miðlun hans hafi Gospel Channel Evrópa brotið gegn 2. mgr. 41. gr. laga um fjölmiðla.

Samkvæmt n-lið 54. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 leggur fjölmiðlanefnd stjórnvaldssektir á lögaðila vegna brota á 41. gr. Þó má falla frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum er ekki talin þörf á beitingu sekta, sbr. 1. másl. 5. mgr. 54. gr. Hefur fyrirsvarsmáður fjölmiðlaveitunnar lýst sig reiðubúinn að breyta dagskrárkomulagi með þeim hætti að brot endurtaki sig ekki. Með vísan til ákvæðis 1. másl. 5. mgr. 54. gr. og framangreinds hefur fjölmiðlanefnd ákveðið að falla frá sektarákvörðun í málinu.

IV. Ákvörðunarorð

„Gospel Channel Evrópa ehf. braut gegn 2. mgr. 41. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 með sýningu sjónvarpsþáttar sjónvarpsklerksins Peter Popoff á sjónvarpsstöðinni The Gospel Channel UK fimmtudaginn 10. september 2015.

Með vísan til 5. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla er fallið frá sektarákvörðun í máli þessu.“

Fyrir hönd fjölmiðlanefndar,

Hulda Árnadóttir

Arna Schram

Salvör Nordal

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson



FJÖLMÍÐLANEFND

Fylgiskjal

Kvartað var yfir meintum brotum The Gospel Channel UK á eftirfarandi reglum Ofcom.

Vernd barna:

Regla 1.2: In the provision of services, broadcasters must take all reasonable steps to protect people under eighteen. For television services, this is in addition to their obligations resulting from the Audiovisual Media Services Directive (in particular, Article 27, see Appendix 2).

Article 27: 1. Member States shall take appropriate measures to ensure that television broadcasts by broadcasters under their jurisdiction do not include any programmes which might seriously impair the physical, mental or moral development of minors, in particular programmes that involve pornography or gratuitous violence.

2. The measures provided for in paragraph 1 shall also extend to other programmes which are likely to impair the physical, mental or moral development of minors, except where it is ensured, by selecting the time of the broadcast or by any technical measure, that minors in the area of transmission will not normally hear or see such broadcasts.

3. In addition, when such programmes are broadcast in unencoded form Member States shall ensure that they are preceded by an acoustic warning or are identified by the presence of a visual symbol throughout their duration.

Um vernd barna er fjallað í 28. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011.

Sannleiks- og hlutlægnikrafa

Regla 2.2 Factual programmes or items or portrayals of factual matters must not materially mislead the audience.

Sannleiks- og hlutlægnikrafa kemur fram í 26. gr. laga um fjölmiðla en tekur einungis til fréttu og fréttatengds efnis.

Bann við að miðla efni sem getur móðgað og ögrað og er ekki hægt að réttlæta með tilliti til samhengis,

Regla 2.3 In applying generally accepted standards broadcasters must ensure that material which may cause offence is justified by the context (see meaning of “context” below). Such material may include, but is not limited to, offensive language, violence, sex, sexual violence, humiliation, distress, violation of human dignity, discriminatory treatment or language (for example on the grounds of age, disability, gender, race, religion, beliefs and sexual orientation). Appropriate information should also be broadcast where it would assist in avoiding or minimising offence.

Í lögum um fjölmiðla eru engin ákvæði, sambærilega ákvæði 2.3 í reglum Ofcom, sem taka til dagskrárefnis sem getur móðgað og ögrað.

Regla um innihald trúarlegs dagskrárefnis og annars dagskrárefnis þar sem sýndar eru yfirsíkvitlegar athafnir/fyrirbæri



FJÖLMÍÐLANEFND

Regla 2.8 Demonstrations of exorcism, the occult, the paranormal, divination, or practices related to any of these (whether such demonstrations purport to be real or are for entertainment purposes) must not contain life-changing advice directed at individuals. (Religious programmes are exempt from this rule but must, in any event, comply with the provisions in Section Four: Religion. Films, dramas and fiction generally are not bound by this rule.)

Meaning of “life-changing”: Life-changing advice includes direct advice for individuals upon which they could reasonably act or rely about health, finance, employment or relationships.

Regla 4.1 Broadcasters must exercise the proper degree of responsibility with respect to the content of programmes which are religious programmes.

Regla 4.6 Religious programmes must not improperly exploit any susceptibilities of the audience. (Regarding charity appeals in programming and appeals for funds by broadcasters, television broadcasters should refer to Rules 9.33 and 9.34, and 9.36 to 9.39. Radio broadcasters should refer to Rules 10.11 and 10.12).

Regla 4.7 Religious programmes that contain claims that a living person (or group) has special powers or abilities must treat such claims with due objectivity and must not broadcast such claims when significant numbers of children may be expected to be watching (in the case of television), or when children are particularly likely to be listening (in the case of radio).

Engar reglur í lögum um fjölmiðla taka til efnisinnihalds í trúarlegum sjónvarpsþáttum með sama hætti og reglur Ofcom nr. 2.8, 4.1, 4.6 og 4.7.

Reglan um aðgreiningu viðskiptaboða og dagskrárefnis

Regla 9.2 Broadcasters must ensure that editorial content is distinct from advertising.

Reglur um viðskiptaboð og fjarkaup er að finna í VI. kafla laga um fjölmiðla. Reglan um aðgreiningu viðskiptaboða og dagskrárefnis kemur fram í 1. mgr. 37. gr. laganna.